

Fasteignafélagið Þórkatla hf.

Fundargerð 80. stjórnarfundar 6. ágúst, 2026 kl. 13:00 – 14:55.

Mætt voru: Örn Viðar Skúlason, Óskar Jósefsson, Hermann Hermannsson og Guðrún Þorleifsdóttir sem ritaði fundargerð.

Dagný Lís Davíðsdóttir sat fundinn.

Dagskrá fundar:

1. Fundargerðir

Fundargerð 79. fundar samþykkt.

2. Skýrsla framkvæmdastjóra

Undir þessum lið fór framkvæmdastjóri yfir stöðu ýmissa verkefna.

M.a. stöðu þeirra ágreiningsmála sem eru í úrvinnslu hjá félaginu. Um er að ræða sex mál sem ýmist eru til meðferðar hjá úrskurðarnefnd eða dómstólum.

Fram kom að af þeim eignum sem félagið hefur keypt á eftir að afhenda sjö til félagsins.

Umsóknum um hollvinasamninga hefur farið fjölgandi og eru þeir núna alls 292 og þar af eru 173 með gistiheimild.

Fram kom að félagið tekur þátt í vinnu stýrihóps um málefni Grindavíkur og einnig í vinnu við endurskoðun á áhættumati fyrir Grindavíkurbæ en sú vinna er langt komin.

Framkvæmdastjóri fór yfir rekstur félagsins í júní.

3. Hollvinasamningar

Framkvæmdastjóri lagði fyrir fundinn að taka ákvörðun um framhald á mögulegum gildistíma gistiviðauka hollvinasamninga. Að óbreyttu falla þeir úr gildi 31. ágúst nk.

Samþykkt að framlengja gildistímann um tvo mánuði eða út október 2026.

4. Önnur mál

Rætt um undirbúning aðalfundar sem verður 17. ágúst nk.

Áformað að næsti fundur stjórnar verði 1. september nk.

Fleira ekki rætt og fundi slitið um kl. 14:55.

Guðrún Þorleifsdóttir
Óskar Jósefsson
Hermann Hermannsson
Dagný Lís Davíðsdóttir